

**Nr. 19-049 S 038 Æsir BA 808*****Eldur í vélarúmi***

*Skipaskr.nr.* 2614  
*Smiðaður:* Mótun, 2004, trefjaplast  
*Útgerð:* Áratog ehf.  
*Stærð:* 11,33 brl. 14,78 bt.  
*Mesta lengd:* 11,78 m *Skráð lengd:* 11,46 m  
*Breidd:* 3,63 m *Dýpt:* 1,35 m  
*Vél:* Cummins, 302,4 kw, 2003.  
*Fjöldi skipverja:* 3

**Gögn:**

Gögn RNSA



Æsir©Egill Jónsson

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 15. apríl 2019 var Æsir BA 808 á grásleppuveiðum á Breiðafirði. Veður: ASA 7 m/s.

Neyðarboð bárust frá Æsi BA á stafrænu valkalli (DSC) og samtímis komu boð til Neyðarlínunnar um að eldur væri í bát á Breiðafirði. Eldur hafði komið upp í vélarúmi bátsins. Nærstöddum bátum var beint á staðinn en skipverjunum tókst að slökkva eldinn með því að ræsa slökkvikerfið fyrir vélarúmið. Um klukkustund síðar kom Hafey BA 96 að bátnum og dró hann til hafnar á Brjánslæk.

***Við rannsókn kom fram:***

- að eldurinn kom upp í miðstöð (Webasto Thermo Por 90) sem staðsett var í vélarúmi bátsins;
- að skipverjar brugðust við á réttan hátt með að loka loftrásur að vélarúminu og ræstu slökkvikerfi þess þannig að eldurinn náði ekki að komast í skrokk bátsins sem var úr trefjaplasti;
- að miðstöðin hafði verið lítið notuð síðustu fjögur árin og hafði ekki verið yfirfarin á þeim tíma.



Upptök eldsins í Webasto miðstöðinni.

***Nefndarálit:***

Orsök eldsins var bilun í miðstöðvarbúnaði.